

<b>Fyrirspurn</b>	E 7/2023
<b>Flytjandi</b>	Johan Dahl (sb) Catarina Deremar (C) Kathrine Kleveland (Sp) Erling Eidesgaard (T)
<b>Viðtakandi</b>	Norræna ráðherranefndin

## Skrifleg fyrirspurn um skólann UWC Røde Kors nordisk

### Til Norrænu ráðherranefndarinnar

Frá því að Sonja Noregsdrottning vígði skólann UWC Røde Kors nordisk árið 1995 hefur hann veitt menntun til ungmenna á Norðurlöndum og öllum heimshlutum. Skólinn er fjármagnaður af norrænu ríkjunum í sameiningu. Fyrir nokkrum árum hætti Svíþjóð þó stuðningi sínum við starfsemina og nú eru blikur á lofti um framtíð skólans.

Norræna ráðherranefndin vinnur samkvæmt stefnuáætlun að aðþjóðamálum þar sem hlutverk Norðurlanda er ekki síst að deila þekkingu og lýðræðisgildum. Í norrænu ríkjunum er einnig traust hefð fyrir menntun. Samnorræn starfsemi á borð við UWC Røde Kors nordisk á þátt í að efla þessa norrænu samþættingu og veitir um leið norrænum ungmennum tækifæri til að hitta önnur ungmenni með annan menningarbakgrunn og frá öðrum heimssvæðum.

Á grundvelli framangreinds viljum við beina eftirfarandi fyrirspurn til Norrænu ráðherranefndarinnar:

*Hvernig er litið á framtíð UWC Røde Kors nordisk?*

*Að hvaða leyti er ætlunin að hafa samráð við Svíþjóð um afturköllun fjárveitingar?*

Norðurlöndum, 10. nóvember 2023

Johan Dahl (sb)  
Catarina Deremar (C)

Kathrine Kleveland (Sp)  
Erling Eidesgaard (T)